

Svar við fyrirspurn

Efni: Húsnæði Kelduskóla Korpu
Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn skóla- og frístundaráðs, dags. 29. maí sl. Fyrirspurnin var borin upp á fundi skóla- og frístundaráðs þann 28. apríl 2020 af fulltrúa Sjálfstæðisflokks.

Fyrirspurnin barst ekki formlega til fjármála- og áhættustýringarsviðs fyrr en nýlega og er það ástæða þess dráttar sem hefur orðið á svari við fyrirspurninni. Er beðist velvirðingar á því.

Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Hvað verður gert við húsnæði Kelduskóla Korpu?“

Svar:

Á fundi borgarráðs (nr. 5593) þann 23. júlí sl. var lagt fram bréf fjármála- og áhættustýringarsviðs þar sem óskað var eftir að borgarráð heimilaði sviðinu að auglýsa Bakkastaði 2, sem áður hýsti Korpuskóla, til leigu. Var tillagan samþykkt. Þann 28. júlí sl. var húsnæðið auglýst til leigu með tilkynningu á vef Reykjavíkurborgar <https://reykjavik.is/auglysingar/korpuskoli-til-leigu>. Þar kom jafnframt fram að umsóknarfrestur væri til föstudagsins 28. ágúst 2020. Nú stendur yfir vinna við að fara yfir þau tilboð sem bárust og er þeirri vinnu ekki lokið þegar þetta er ritað.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs